

Alþingi

Erindi nr. P116 / 2032

komudagur 3 / 11 1993

Dómstjórinn í Reykjavík  
Héraðsdómi Reykjavíkur  
Dómhúsinu við Lækjartorg

150 Reykjavík.

Reykjavík, 1. október 1992.

Á síðari hluta ársins 1991 tóku tryggingafélög höndum saman um að breyta einhliða áratuga framkvæmd við uppgjör skaðabóta vegna líkamstjóns. Meginbreytingarnar varða uppgjör tjóna í tilvikum þar sem varanleg örorka er metin 15% eða lægri. Hafa tryggingafélögin meðal annars sammælt um að greiða aðeins 50.000 kr. batur fyrir hvert örorkustig upp að 15%. Áður voru batur fyrir varanlega örorku almennt greiddar samkvæmt útreikningum tryggingafræðinga sem miðuðu við hæfileika tjónþola til tekjuöflunar fyrir og eftir slys. Um nánari skýringar vísast til hjál. verklagsreglna tryggingafélaganna dags. 31. október 1991, til greinar eftir Vilhjálmm H. Vilhjálmsson, hrl., í Morgunblaðinu 4. janúar 1992 og viðtals við Ólaf Thors, framkvæmdastjóra Sjóvá-Almennra trygginga, hf., í sama blaði.

Þessar einhliða meginbreytingar á uppgjörsvenjnum hafa eðlilega leitt til verulegs ágreinings og þegar hefur fjöldi tjónþola stefnt bótamálum sínum fyrir dómstóla eða falið lögmönnum undirbúning málssóknar. Samkvæmt upplýsingum sem undirritaðir hafa aflað eru nú yfir 50 mál um þessi ágreiningsefni til meðferðar fyrir dómstólum og er þess að vænta að á þessu ári verði þingfest á annað hundrað mál og sami fjöldi árlega næstu árin. Þessi mál eru hrein viðbót við málafljólda fyrir dómstólum. Jafnframt er ljóst að ekkert þessara mála verða sætt. Það virðist eindregin afstaða tryggingafélaganna að greiða aðeins að undangengnum dómi í hverju máli og samkvæmt tilvitnuðum verklagsreglum neita þau að greiða út batur ef tjónþoli vill gera fyrirvara við uppgjör.

Hér stefnir í óefni. Mikill málafljóldi fyrir dómstólum er þegar nægilegt áhyggjuefni. Við viljum því beina þeim eindregnu tilmælum til dómstólsins að flýta sem kostur er meðferð nokkurra mála varðandi umrædd uppgjör. Má ætla að ótvíræð fordæmi muni slá verulega á fjölda þessara mála og skapa aftur frið á þessu sviði. Til hliðsjónar leyfum við okkur að vísa til XIX. kafla laga um meðferð einkamála, einkum

sjónarmiða sem fram koma í athugasemdum um 123. og 124 gr. laganna. Það skal tekið fram, að við höfum ekki ástæðu til að ætla annað en að Hæstiréttur Íslands muni veita slíkum málum forgang.

Virðingarfyllst,

Afrit send  
dómstjórum á Íslandi og  
Hæstarétti Íslands.

## Verklag við mat á fjártjóni vegna líkamstjóna

Eftir athugun á íslenskum skaðabótarétti utan samninga og úrlausnum dómstóla, og að nokkru með hliðsjón af þeirri réttarþróun, sem orðið hefur á Norðurlöndum, og ætlaðrar þróunar skaðabótaréttar hér á landi á næstunni, munu váttryggingarfélag innan Sambands íslenskra tryggingafélaga fylgja því verklagi við mat á fjártjóni vegna líkamstjóna, sem hér fer á eftir.

### I. Varanleg örorka er metin 15% eða lægri.

A. Varanleg örorka, sem metin er 15% eða lægri, bætist ekki samkvæmt örorkutjónsútreikningi, nema varanlegt fjártjón sé sannað. Orsakatengsl milli áverka og fjártjóns verður og að vera ótvírætt. Allir þeir áverkar, sem metnir eru 15% eða lægri, skulu ekki gerðir upp skv. hefðbundnum aðferðum fyrir en minnst 3 ár eru liðin frá slysdegi. Áréttta ber, að þessi biðtími er fyrst og fremst til að sannreyna raunverulega skerðingu aflahæfis/fjártjón.

B. Háfni tjónþolar eða lögmenn þeirra að biða uppgjör þar til full 3 ár eru liðin frá slysdegi, skal bjóða þeim að bæta varanlegu örorkuna sem hér segir:

- Hafi hinn slasaði verið 30 ára eða yngri á slysdegi skal hvert örorkustig bætt með kr. 50.000.--. Bætur fyrir hvert örorkustig skal lækka um kr. 1.000.- fyrir hvert aldursár umfram 30 ára markið. Hafi þannig tjónþoli verið 31 árs, er slys varð, skal hvert stig bætt með kr. 49.000.-, 32 ára kr. 48.000.- o.s.frv. allt þar til 70 ára marki er náð, en þá skal hvert stig örorku bætt með kr. 10.000.- og lækka bætur fyrir hvert stig ekki frekar úr því. Þessar fjárhæðir fylgi þróun láns-kjaravísitölu eins og hún er í mánuði hverjum. Grunnvísitalan er 3205 stig, þ.e. vísitala nóvembermánaðar 1991.

- Bætur af þessu tagi, sem rétt er að nefna "bætur vegna líkamstjóns", eru fullnaðarbætur vegna hinnar varanlegu örorku, og taka bæði til skaðabóta og miska eins og þau hugtök hafa verið skilgreind. Þær standa því aðeins til bóða að þeim sé veitt viðtaka án fyrirvara. Bótafjárhæðir eru verðtryggðar m.v. uppgjörsdag og greiðast vextir því ekki. Vilji tjónþoli eða lögmaður hans þó heldur miða við fjárhæðir á slysdegi, skulu vextir reiknaðir frá því að slys varð og til greiðsludags í samræmi við ákvæði 7. gr. vaxtalaga. Frá þessum bótum dragast ekki hugsanlegar greiðslur, sem tjónþoli hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum aðilum og ekki skulu þær heldur lækka vegna skattalegs hagræðis eða eingreiðsluhagræðis. Þó skulu bætur úr slysatryggingu launþega koma til frádráttar, ef líkamstjón er gert upp samkvæmt ábyrgðartryggingu atvinnurekandans, á sama hátt og tíðkast hefur.

.. Varanleg örorka er metin 16% eða hærri.

A. Við uppgjör líkamstjóna, þar sem örorka er metin 16% og hærri, skal uppgjör tjóna vera á svipaðan hátt og tíðkast hefur, sbr. þó það sem segir í B-lið hér á eftir. Uppgjör vegna hálsáverka (whiplash) skal þó aldrei fara fram fyrr en í fyrsta lagi 3 árum eftir slysdag. Almennt eru tjónsuppgjörsmenn brýndir á því að viðhafa vönduð og gagnrýnin vinnubrögð, og kalla hiklaust eftir fyllri gögnum og skýringum, þyki minnsta ástæða til.

B. Við tjónsuppgjör af þessu tagi skal eftirfarandi meginreglum fylgt.

- Bætur skulu lækkaðar vegna hagræðis, sem leiðir af skattfrelsi bóta, sbr. niðurstöður starfshóps S.I.T. og stjórnar frá árinu 1988 og meðf. töflu.
- Frádrætti vegna eingreiðsluhagræðis skal beitt samkvæmt venju, þ.e. 5-10%.
- Töpuð lífeyrisréttindi skal lækka í sama mæli og bætur vegna reiknaðs launatekjutaps, þ.e. taka ber tillit til skatta- og eingreiðsluhagræðis. Opinberum starfsmönnum skulu ekki bætt töpuð lífeyrisréttindi, enda verða þeir ekki fyrir tjóni af þessu tagi vegna ákvæða kjarasamninga sinna.
- Sé krafist bóta vegna útreiknaðs tjóns vegna heimilisstarfa útivinnandi tjónþola, skulu slíkar bætur ekki greiddar, ef engin börn eru á framfæri. Vinni kona með barn/börn á framfæri fulla vinnu utan heimilis, skulu henni greiddar 1/3 útreiknaðs tjóns vegna heimilisstarfanna. Kona í hlutastarfi með barn/börn á framfæri fái bætt allt að 50% af útreiknuðu tjóni vegna heimilisstarfa. Bætur þessar skulu lækkaðar með hliðsjón af skatta- og eingreiðsluhagræði.
- Þegar bætt er skv. örorku, sem metin er 16% og hærri, skulu miskabætur reiknast kr. 10.000.- fyrir hvert örorkustig. Áréttu ber, að sérstakar miskabætur greiðast ekki vegna 15% örorku og lægri, heldur eru þær innifaldar í "bótum fyrir líkamstjón", sbr. I. lið hér að framan.

Andstætt  
abmvenju  
og freðititu  
(Skod. freði)

III. Tímabundin örorka.

Tímabundin örorka bætist ekki samkvæmt örorkutjónsútreikningi tryggingastærðfræðings, heldur raunverulegu tekjutapi. Í því efni ber að kalla eftir yfirlýsingum atvinnurekenda, læknisvottorðum, skattframtölum o.s.frv.

IV. Almennt.

- Þóknun lögmans skal greiða einungis af höfuðstól, en ekki vöxtum.
- Við tjónsuppgjör, sem af einhverjum ástæðum hefur dregist, og fyrirbyggjandi örorkutjónsútreikningur hefur verið gerður jafnvel allnokkrum árum eftir slys, ber að kalla eftir skattframtölum tjónþola fyrir tíma- bilið frá slysdegi til útreikningsdags. Reynist fram- taldar tekjur hærri eða jafnháar áætluðum tekjum að frádregnu áætluðu tekjutapi í örorkutjónsútreikningi fyrir þetta árabil, ber að lækka batur til samræmis við nýjan útreikning, þar sem tekið hefur verið tillit til þessa.
- Sé mál höfðað á hendur váttryggingarfélagi vegna lík- amstjóns skal krefjast nýs örorkutjónsútreiknings, vegna ákvæða vaxtalaga um upphafstíma dráttarvaxta af skaðabótakröfu.
- Almennt skulu váttryggingarfélög hafna endurupptöku uppgerðra slysamála, nema ríkar og augljósar ástæður krefjist slíks.
- Á vegum Sambands íslenskra tryggingafélaga mun starfa starfshópur, sem váttryggingarfélögin geta leitað til um álitæfni, er upp kunna að koma og varða verklags- reglur þessar, eða þau atriði önnur í sambandi við uppgjör líkamstjóna, er ætla má að hafi nokkra almenna þýðingu fyrir váttryggingarfélögin.

*H. Andersen.*

Drög að umsögn LMFÍ um frumvarp til skaðabótalaga.

Gerðar hafa verið breytingar á tveimur þýðingarmiklum efnisatriðum frumvarpsins frá því það var lagt fram á 115. löggjafarþingi 1991-1992. Þannig gerir frumvarpið nú ráð fyrir greiðslu örorkubóta, þó að örorkustig sé undir 15% og einnig er gert ráð fyrir að bótafjárhæðir verði breytilegar eftir aldri á aldursbilinu 26-56 ára.

Enn eru hins vegar á frumvarpinu ýmsir gallar, sem auðvelt ætti að vera að lagfæra. Vísast að öllu verulegu til ítarlegrar umsagnar LMFÍ í bréfi til allsherjarnefndar Alþingis 24. apríl 1992. Hér skulu eftirtalin atriði nefnd sérstaklega:

1. Í 4. gr. frv. er ekki gert ráð fyrir að greiða batur fyrir varanlegan miska, þegar hann er metinn minni en 5%. Er þá gert ráð fyrir að hér verði lögð til grundvallar svokölluð læknisfræðileg örorkumöt (töflumöt) sbr. athugasemdir við 4. gr. Kemur þar fram að sem dæmi um varanlegan miska, sem ekki sé talinn ná 5% lágmarkinu, megi nefna minni háttar lýti, svo sem lítið andlitsör, sem ekki sé áberandi. Ekki verður séð að nein rök séu til að fella alveg niður batur í svona tilvikum. Er það áreiðanlega ekki í samræmi við réttarvitund manna.

2. Í 6. gr. frv. er nú gert ráð yfir að batur skuli meta til fjárhæðar, sem nemi 7,5 - földum árslaunum tjónþola, sbr. 7. gr., margfölduðum með örorkustigi. Þetta er hækkun úr 6 - földum árslaunum í fyrra frumvarpi og tengist hækkunin þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lækunarreglum 9. gr. frv. eftir aldri. Með þessu ákvæði er verið að búa til reiknireglu fyrir útreikning örorkutjónsins, sem koma skal í stað núgildandi reglna. Í núgildandi reglum er leitast við að reikna út raunverulegt tjón (verðmati á slysdegi) miðað við örorkustig og það sem eftir er starfsævi. Í sjálfu sér er allt í lagi að búa til reiknireglu um þetta að hætti frumvarpsins. En slík regla verður að hafa það meginmarkmið að bæta raunverulegt fjártjón á grundvelli þeirra gagna sem frumvarpið ráðgerir (mats um örorkustig skv. 5. gr. frv.). Svo er að sjá sem reikniregla frv. um að nota 7,5 föld árslaun feli í sér verulega lækkun bóta frá því sem vera myndi með núgildandi aðferðum, þ.e.a.s. aðferðum sem miða að því að reikna út raunverulegt tjón, þó að tekið sé fullt tillit til þess að nú á ekki að draga frá greiðslur frá þriðja manni (sjá um þetta kafla 4.2 í almennum athugasemdum við frumvarpið). Væri ástæða til að láta reikna nokkur dæmi um hvernig reikniregla frumvarpsins kemur út samanborið við þá útreikninga á raunverulegu fjártjóni, sem tíðkast hafa. Virðist blasa við að um verulega lækkun sé að ræða.

3. Í 7. gr. frv. er áætlað að miða útreikning tjóns við tekjur næstliðins árs fyrir þann dag er tjón varð. Þessi aðferð kemur í stað þess sem nú tíðkast, að miða við meðaltekjuöflun þriggja síðustu ára. Ætla verður að hinar hefðbundnu aðferðir feli í sér betri mælikvarða um tekjuöflunarháfi, þar sem miðað er við lengra tímabil, auk þess sem gagnaöflun kann í einstökum tilvikum að verða erfiðari, þegar hætt er að nota skattframtalstekjur en farið að nota tekjur næstliðins árs.

4. Gera verður alvarlegar athugasemdir við ákvæði 8. gr. frv. þar er gert ráð fyrir að örorkubætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skuli ákveða á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. og bætur ákveðast sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegan miska. Ekki verður séð hvaða rök mæli með því að miða örorkubætur til þessara tjónþola við reglur um miska. Hér sýnist mega meta örorkustig á sama hátt og hjá öðrum tjónþolum og miða svo bætur við meðallaun, á svipaðan hátt og gert hefur verið. Festa má í lögin viðmiðanir fyrir heimilisstörf.

Þá er í 8. gr. frv. gert ráð fyrir sömu bótum til barna sem verða fyrir tjónum án tillits til aldurs þeirra. Barn sem slasast t.d. 3ja ára og missir útlím á að fá sömu bætur og 20 ára skólanemi sem hlýtur sams konar meiðsli. Ef þetta er gert leiðir það til þess að 3ja ára barnið fær í reynd miklu hærri bætur, því það getur ávaxtað sína bótafúlgú í 17 ár, áður en það er komið á sama aldur og 20 ára skólaneminn. Ekki verður séð hvaða nauðsyn knýr á að haga reglum um þetta með þessum hætti.